



Siða- og samskiptareglur Félags Bókhaldsstofa

I. Kafli: Almenn ákvæði og markmið.

Meginhlutverk Félags Bókhaldsstofa (hér eftir skammstafað FBO) er að vera hagsmunasamtök um starfsemi félagsmanna, stuðla að samvinnu félagsmanna og vera talsmaður út á við fyrir hönd félagsmanna.

Siða- Samskiptareglur FBO gilda fyrir bæði félaga í atvinnurekendadeild og félaga í fagdeild almennra bókara.

1. gr.

Eftirfarandi siða- og samskiptareglur, sem eru hluti af samþykktum FBO, gilda fyrir félagsmenn FBO og fyrirtæki þeirra. Markmið reglnanna eru sem hér segir:

- Að stuðla að heiðarlegum og hreinskiptum samskiptum félagsmanna FBO.
- Að stuðla að því, að félagsmenn FBO vinni störf sín af fagmennsku, kostgæfni og samviskusemi.
- Að stuðla að gæðaþjónustu til viðskiptavina, samfélaginu til heilla.
- Að stuðla að góðu orðspori félagsmanna FBO.

Siða- og samskiptanefnd tekur afstöðu til brota á reglum þessum og vísar þeim til stjórnar félagsins telji þeir rökstudda ástæðu fyrir því sbr. 2. mgr. 8. gr. samþykpta FBO.

Ákvörðun stjórnar um brottvikningu eða áminningu er hægt að vísa til aðalfundar, sem úrskurðar endanlega um málið.

2. gr.

Félagsmenn skuldbinda sig til að hlíta siða- og samskiptareglum þessum eins og þær eru á hverjum tíma. Félagsmenn í atvinnurekendadeild FBO skulu kynna siða- og samskiptareglur þessar fyrir starfsmönnum sínum og undirverktökum.

Félagsmenn og starfsmenn þeirra skulu leggja rækt við starf sitt og stunda það af kostgæfni. Öll störf og athafnir skuli miða að því að vera félaginu til framdráttar. Það er skylda hvers félagsmanns FBO að leitast við að uppfylla þær kröfur, sem gerðar eru til starfa félagsmanna FBO á hverjum tíma:

- Félagsmaður FBO skal vinna starf sitt í samræmi við þær reglur og staðla sem stjórnvöld setja hverju sinni.
- Félagsmaður FBO skal vinna verk sín í samræmi við góða bókhalds-, skoðunar- og reikningsskilavenju eftir því sem við á.
- Félagsmaður FBO skal vera hreinskilinn og heiðarlegur í starfi sínu og gæta réttisýni og hlutlægni í umsögnum sínum.

- d) Félagsmaður FBO skal gæta þagmælsku um það er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara og láta það ekki þriðja aðila í té án sérstaks leyfis, nema honum sé það skylt lögum samkvæmt. Trúnaður ríkir áfram þótt verkefni sé lokið eða viðskiptasambandi hafi verið slitið.
- e) Félagsmanni atvinnurekendadeild FBO ber að viðhalda faglegri hæfni sinni og taka aðeins að sér þau störf sem hann eða fyrirtæki hans getur búist við að geta leyst á faglegan hátt.
- f) Félagsmanni í atvinnurekendadeild FBO er jafnframt skylt að tryggja að þeir sem starfi hjá honum fái viðeigandi þjálfun og leiðsögn miðað við starf viðkomandi og gæti þagmælsku sbr. c- lið 2. mgr. 2. gr. síða og samskiptareglu FBO.
- g) Félagsmaður FBO skal gæta heiðurs félagsins og forðast að gera nokkuð það sem getur skaðað ímynd þess.

II. Kafli Samskipti innan félagsins

3. gr.

Félagsmaður FBO má einungis gagnrýna störf annars félagsmanns FBO á málefnalegum grundvelli og skal forðast að valda honum álitsspjöllum umfram það sem málefnið gefur ástæðu til.

Þjóði nýr viðskiptavinur verkefni, sem til þess tíma hefur verið unnið af öðrum félagsmanni FBO, er æskilegt að félagsmaður FBO leiti sér upplýsinga hjá fyrri félagsmanni FBO, um hvaða ástæður hann telji vera fyrir því að hann haldi ekki verkefninu. Félagsmenn FBO skal eftir fremsta megni að afhenda gögn og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um viðskiptavini sé þess óskað.

III. Kafli: Tengsl við viðskiptavini

4. gr.

Hafi félagsmaður FBO að fyrra bragði samband við einstaklinga, fyrirtæki eða stofnanir sem þegar njóta þjónustu annarra félagsmanna FBO í því skyni að stofna til viðskiptasambands, skal hann sýna háttvísi í hvívetna og veita réttar og faglegar upplýsingar. Þetta ákvæði gildir einnig þó að félagsmaður sé ekki starfandi lengur, hvort sem um er að ræða dánarbú félagsmanns, þrotabú gjaldþrota félagsmanns eða í hliðstæðum tilvik.

Félagsmaður FBO skal upplýsa viðskiptavin um það ef ljóst er að hagsmunir viðskiptavina og félagsmanns FBO eða fyrirtækis hans skarast að einhverju leiti.

IV. Kafli: Almennatengsl

5. gr.

Félagsmanni FBO ber að sýna háttvísi í hvívetna við að auglýsa og kynna þjónustu sína. Auglýsingar eða önnur hliðstæð söluráð skulu fela í sér réttar og fullnægjandi upplýsingar.

V. Kafli: Tengsl við aðrar starfsgreinar o.fl.

6. gr.

Hafi félagsmenn FBO sérstakar deildir innan fyrirtækja sinna, sem annast rekstrarráðgjöf, tölvuþjónustu, lögfræðiaðstoð eða aðra sérfræðiþjónustu, eða tengist þeir öðrum fyrirtækjum sem veita þessa þjónustu, skulu félagsmenn FBO sérstaklega gæta að faglegu sjálfstæði sínu og óhæði sem félagsmenn FBO.

VI. Kafli: Tilkynning brota og viðurlög

7. gr.

Tilkynningar vegna brota á reglum þessum getur sérhver félagsmaður í FBO og stjórn félagsins lagt fram. Einnig getur viðskiptavinur lagt fram tilkynningu um brot telji hann brotið á sér samkvæmt siðareglum þessum.

Tilkynningar skulu sendar siða- og samskiptanefnd með sannanlegum hætti. Ef siða- og samskiptanefnd telur gilda ástæðu fyrir tilkynningunni skal hún senda viðkomandi félagsmanni hana með sannarlegum hætti.

VII. Kafli: Siða- og samskiptanefnd FBO

8. gr.

Siða- og samskiptanefnd skal kosin á aðalfundi félagsins og skipuð 3 mönnum.

Stjórn útnefnir formann en nefndin skiptir með sér verkum. Siða- og samskiptanefnd skilar árlegri skýrslu til stjórnar um málafjölda og afgreiðslu mála. Einnig skal nefndin hafa frumkvæði að endurskoðun á siða- og samskiptareglum þessum.

Formaður siða- og samskiptnefndar kallar hana saman og ákveður fundarstað og tíma. Vinna siða- og samskiptanefndar getur farið fram eftir þeim samskiptaleiðum sem hentugastar þykja hverju sinni.

Félagsmanni FBO skal skylt að gera siða- og samskiptanefnd viðhlítandi grein fyrir máli sínu út af meintu broti og ágreiningi um skilning á reglum þessum. Ber félagsmanni FBO í því efni að svara og sinna án ástæðulauss dráttar fyrirspurnum og kvaðningu siða- og samskiptanefndar.

Siða- og samskiptanefnd skal leitast við að leysa skoðanaágreining málsaðila, en ekki verða neinar samþykktir gerðar nema báðir málsaðilar séu þeim sammála.

Siða- og samskiptanefnd skal skrá fundargerðir um afgreiðslu mála og vista á afmörkuðu svæði.

Takist Siða- og samskiptanefnd ekki að leysa skoðanaágreining málsaðila þá skal hún leggja viðkomandi mál fyrir stjórn félagsins sbr. 3. mgr. 1. gr. siða og samskiptareglna FBO.

VIII. Kafli: Breytingar

9. gr.

Breytingar á Siða- og samskiptareglum þessum skal gera á sama hátt og mælt er fyrir um breytingar á samþykktum FBO.

Samþykkt á aðalfundi 18. apríl 2024, Grand hótél Reykjavík